

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

14. fundur, föstudaginn 21. nóvember, kl. 9:00

í umhverfisráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Ásgeirsdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (Iðnbararáðuneytinu), Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (Umhverfisráðuneytinu), og Tómas Þór Tómasson, sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Freysteinn Sigurðsson, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir og Þorsteinn Tómasson

Fundarfrásögn:

- Faghópar og staða rannsókna.** Þessir tveir liðir voru sameinaðir undir einn hatt í umræðum.
 - Rannsókn Náttúrufræðistofnunar: „Verndargildi háhitasvæða og flokkun svæðanna eftir verndargildi“. Vonir standa til að skil geti orðið fyrir en áætlað að var eða 1. maí. Stefnt skal að því að fá sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar á kynningarfund með verkefnisstjórn í janúar.
 - Verkefni um hitakærar örverur mun líklega klárast á fyrri hluta næsta árs.
 - Hver faghópur ákveður hvort settir verða á fót undirhópar eða hvort einstakir sérfræðingar verði kallaðir til.
 - Nýjar og auknar upplýsingar liggja fyrir frá Fornleifastofnun um menningarminjar, fyrst og fremst viðvíkjandi háhitasvæðum.
 - Rætt um formlega stöðu rammaáætlunar í meðförum og afgreiðslu Alþingis. 1.áfangi hafði ekki formlega stöðu og því voru engir aðilar bundnir af niðurstöðunni. Líklegt þykir að niðurstaða rammaáætlunar muni fylgja vinnulagi Norðmanna (3ja flokka skipting) þar sem skýrt verði hvaða svæði verði vernduð og hvaða svæði séu tilbúin til virkjunar og í milliflokk lendi kostir sem verða í bið.
 - Stefnt að skilum faghópa I 1. Júlí en sýnt þykir að sá frestur sé mjög knappur. Líklegt að einhverjir faghópar nái ekki að hnýta alla enda fyrir en í sumarlok.
 - Lista yfir virkjunarkosti þarf að fullvinna hið fyrsta, m.a. í samráði við orkufyrirtæki. Taka til skoðunar mikilvægi línulagna og –stæða.
 - Ekki hafa komið fram beiðnir um að vinnu við rammaáætlun verði flýtt.
- Vatnatilskipun:** Kristín Lind Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, kynnti vatnatilskipun ESB.
- Heimasíða.** Kynnt voru drög að útliti og efni heimasíðu rammaáætlunar. Síðan verði opnuð í síðasta lagi um miðjan desember og helst fyrir.
- Fundir á næstunni:**
 - Föstudaginn 28. nóv. verður efnt til málþings um háhita fyrir verkefnisstjórn og meðlimi faghópa.
 - Næsti fundur verkefnisstjórnar verður haldinn 12. desember.
 - Enn á eftir að ákveða dagsetningar samráðsfunda í Skagafirði og á Ísafirði.